



## Öldungabíkar NK Reglugerð

1.gr.

Þátttökurétt eiga allir félagar NK, konur og karlar, sem eru orðnir eða verða 50 ára á keppnisárinu.

2.gr.

Keppnisformið er holukeppni án forgjafar. Leikjaröðun er samkvæmt Monrad kerfi.

3.gr.

Leiknar verða 9 holur í hverri umferð. Leiknar verða sex umferðir.

4.gr.

Sá vinnur Öldungabíkarinn sem fær flesta vinninga úr 6 leikjum og er efstur á keppendalistanum.

5.gr.

Keppnin fer fram ár hvert fyrir sveitakeppni eldri kylfinga innan GSÍ.

6.gr.

Í fyrstu umferð raðast keppendur eftir forgjöf. Forgjafarlægsti keppir við þann sem hefur næst lægstu forgjöf. Síðan parast keppendur saman með sama hætti niður listann.

Eftir hverja umferð raðast síðan keppendur eftir fjölda vinninga. Sá sem hefur flesta vinninga keppir við þann sem hefur næst flesta vinninga og síðan parast keppendur saman með sama hætti niður listann.

Hafi keppendur keppt saman áður er leitað að keppanda neðar á listanum sem ekki hefur keppt áður við þann sem er ofar á listanum. Ef enginn finnst neðar á listanum er leitað að keppanda fyrir ofan.

Ef um oddatölu keppenda er að ræða situr sá yfir umferð sem er neðst á listanum og fær einn vinning. Keppandi getur einungis setið einu sinni yfir umferð.

7.gr.

Verði holukeppnin útkljáð eftir 9 holur deila keppendur með sér vinningi.

8.gr.

Mæti keppandi ekki til leiks sætir hann frávísun og er keppendum endurraðað samkvæmt reglu 5.

9.gr.

Að öðru leiti gilda reglur R&A um holukeppni.